

Nd.

573. Frumvarp til laga

[228. mál]

um breyting á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sbr. lög nr. 69 23. maí 1974, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. apríl.)

1. gr.

Í stað 6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 69 23. maí 1974, komi ný grein, svo hljóðandi:

Lagmetisiðnaðurinn telst iðnaður eins og hann er skilgreindur í lögum og greiðir iðnlánasjóðsgjald lögum samkvæmt.

Lagmetisiðnaðurinn er undanþeginn útflutningsgjöldum af sjávarafurðum.

2. gr.

Í stað 7. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins hefur það hlutverk að efla lagmetisiðnaðinn, m. a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og vöru- tegunda og markaðsöflun erlendis.

Eigi má verja fé sjóðsins til að ráða bót á rekstrarerfiðleikum eða fjárhags- vanda framleiðenda lagmetis eða til að standa straum af fjárfestingum í framleiðslu- tækjum eða mannvirkjum þeirra.

Stjórn Sölustofnunar lagmetis ráðstafar fé úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins undir yfirstjórn iðnaðarráðherra, sem kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð.

Iðnaðarráðherra er heimilt að fela Iðnaðarbanka Íslands hf. daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt sérstökum samningi.

3. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 8. grein, svo hljóðandi:

Greiða skal til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins á tímabilinu frá 1. apríl 1978 til 1. apríl 1981 fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matar- hrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og útfluttu lag- meti. Fullvinnslugjald þetta skal vera 3% af fob-verði áðurnefndra hrogna, en 1% af fob-verði lagmetis. Af fullvinnslugjaldi af grásleppuhrognum skal Þróunarsjóður lagmetis greiða  $\frac{1}{3}$  hluta til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda.

Um gjalddaga og innheimtu fullvinnslugjalds fer á sama hátt og segir um út- flutningsgjöld í lögum nr. 5 13. febr. 1976.

4. gr.

8. gr. laganna verður 9. gr. og 9. gr. laganna verður 10. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fullvinnslugjald samkvæmt lögum þessum skal ekki leggja á, ef sölusamningur um vöruna hefur verið gerður fyrir 1. mars 1978, og seljandi sótt um útflutnings- leyfi fyrir 1. apríl 1978.